

Mánudaginn 22. júní 1942.

Nr. 1/1939. **Páll Magnússon f. h. Þrotabús Stefáns Runólfssonar**

gegn

Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Páll Magnússon f. h. Þrotabús Stefáns Runólfssonar, sem eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til rikissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Með hliðsjón af því, að mál þetta hefur verið tekið 20 sinnum fyrir og flutt að nokkru leyti hér fyrir dómi, ber að dæma áfrýjanda til þess að greiða stefnda, Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu, sem hefur látið mæta í málinu og krafist ómaksbóta, 600 krónur í ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. september 1942.

Kærumálið nr. 3/1942. **Alfred Rosenberg**

gegn

Skafta Sigþórssyni.

Frávisunarkrafa reist á því, að mál bæri undir félagsdóm, ekki tekin til greina.

Dómur hæstaréttar.

Sóknaraðili kærir í máli þessu úrskurð, er Björn Þórðarson lögmaður hefur kveðið upp í bæjarþingi Reykjavíkur þann 4. júní s. l. Bárust hæstarétti skjöl málsins þann 20. júní s. l. með bréfi lögmanns, dags. s. d. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og málinu vísað frá bæjarþinginu að öllu leyti. Svo krefst hann og málskostnaðar vegna kæru þessarar úr hendi varnaraðilja eftir mati hæstaréttar.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki komið fram kröfur né greinargerð í kærumáli þessu.

Varnaraðili, sem virðist vera félagsmaður í Félagi islenzkra hljóðfæraleikara, sækir í héraði sóknaraðilja hér fyrir dómi til greiðslu skaðabóta vegna uppsagnar á vinnusambandi með of skömmum uppsagnarfresti og til greiðslu févita. Kröfum sínum til stuðnings skírskotar hann til 11. og 16. gr. samnings, er hann kveður nefnt félag hafa gert þann 31. des. 1940 við þrjá nafngreinda veitingamenn í Reykjavík, og er sóknaraðili einn þeirra. Sóknaraðili hefur hins vegar haldið því fram, að nefndur samningur hafi aldrei öðlazzt gildi, en þó svo væri, þá hafi hann verið úr gildi fallinn, er hann sagði varnaraðilja upp starfi sínu. Telur hann úrlausn ágreinings um gildi samningsins eiga undir félagsdóm og reisir á því kröfu sína um frávísun málsins frá bæjarþinginu.

Varnaraðili sækir í máli þessu kaupkröfu, sem byggð er á áðurnefndum samningi, og verður að telja almennum dómstólum rétt að meta öll atriði, er kaupkröfuna varða, þar á meðal gildi þessa samnings. Ber því að staðfesta úrskurðinn, sem ekki hefur verið kærður af hálfu varnaraðilja, að niðurstöðu til.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 4. júní 1942.

Mál þetta hefur höfðað Skafti Sigþórsson hljóðfæraleikari hér í bæ gegn Alfred Rosenberg veitingamanni hér í bænum til greiðslu skaðabóta vegna of skamms uppsagnarfrests, svo og til greiðslu sekta skv. 16. gr. svonefnds samnings, dags. 31. des. 1940.

Stefndur hefur krafizt þess, að málinu verði vísað frá, þar sem hér verði að dæma um gildi vinnusamnings, en skv. 2. tölul. 41. gr. laga nr. 80 1938 eigi félagsdómur að fjalla um slíkt mál. Verði frávísunarkrafan tekin til greina, krefst stefndur og málskostnaðar sér til handa.

Verður að fallast á, að fyrrnefnd krafa um sektir á hendur stefndum samkv. tilvitnaðri grein eigi ekki að sæta úrlausn þessa réttar, heldur félagsdóms, enda virðist hér vera um „kollektivan“ vinnusamning að ræða, ef á annað borð liggur fyrir samningur. Að svo stöddu telur rétturinn hins vegar ekki rétt að vísa öðrum kröfum stefnanda frá dómi, þar sem telja verður, að með nægilegri gagnasöfnun um venju um uppsagnarfresti í vinnusambandi sem þessu sé ef til vill unnt að fella dóm í málinu að þessu leyti, hvernig sem annars yrði litið á umræddan gerning frá 31. des. 1940.

Ákvörðun um greiðslu málskostnaðar verður tekin við væntanlegan efnisdóm í málinu.

Vegna anna við dómauppkvaðningar hefur eigi verið unnt að kveða úrskurð þenna upp fyrir en nú.

Því úrskurðast:

Framangreindri sektakröfu vísast frá dómi, en að svo stöddu verður frávisunarkrafa stefnds að öðru leyti ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 30. september 1942.

Nr. 61/1942. Fiskur og Ís h/f
gegn

Marínó Jónssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Fiskur og Ís h/f, sem eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.
